

Skýrsla stjórnar Félags heimspekikennara

Aðalfundur, 9. júní 2012

Starfsárið hefur einkennst af rólega vaxandi starfi og vaxandi félagi. Fjárhagur félagsins er traustur. Stjórnin hefur fundað nokkuð reglulega og er ánægð með stöðuna. Við teljum að í þessu sé hliðstæða við rólega vaxandi gengi heimspekinnar á Íslandi á öllum sviðum.

Samræðuæfingar

Félagið hefur staðið fyrir samræðuæfingum í vetur leið, og m.a. verið í samstarfi við Oscar Brenifier um samræður sem hann hefur stýrt með fjarbúnaði (Skype). Jafnframt hafa félagar skipst á um að stýra umræðum sjálfir, þmt. formaður. Er þetta verðmætur hluti af starfi félagsins og er það von stjórnarinnar að þetta komist á fastara form, enda besta leiðin til að viðhalda sér í samræðutækninni að æfa sig.

Kvöldstund með Hauki Inga Jónassyni

Fimmtudagskveldið 11. nóvember 2011 stóð félagið fyrir kvöldstund með Hauki Inga Jónassyni, sálgreini og sérfræðingi í verkefnastjórnun, en hann er einn af aðalmönnum meistaranáms í verkefnastjórnun hjá HR. Fræðistörf og praksís Hauks einkennast af heimspekilegri íhygli og verður að teljast bæði sérstök og spennandi. Haukur er jafnframt gagnrýnin á vissa þræði í heimspekinni, einkum akademískri heimspeki. Það var vel mætt á þetta kvöld og umræður voru líflegar og gefandi.

Starfið í Garðabæ

(Ingimar/ Brynhildur – eruð þið til í að skjóta hér inn smá texta, þið þekkið þetta betur!)

Gagnrýnin hugsun

Námskeið í Gagnrýninni hugsun verður haldið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands í ágúst. Námskeiðið er framhald vel sóttis málþings 1. október 2011, þar sem margir félagar (þmt. úr stjórninni) tóku til máls. Í þessu er fólgin verðmæt tenging við heimspekistofnun, siðfræðistofnun og Rannsóknarstofnun um Háskóla og væntir félagið mikils af þessu samstarfi í framtíðinni.

Heimspekitorg og fréttabréf

(sér skýrsla – B: útdrátt hér?)

Annað

Félagið hefur notið sérstakrar velvildar Verzlunarskóla Íslands, einkum hvað varðar húsnæði og erum við þakklát fyrir það. Félagið tók þótt í að veita umsagnir um umsóknir í styrki til námsefnisgerðar og vorum við sérlega ánægð með útkomuna í þeim málum. Formaður, Ármann Halldórsson, hefur átt sæti í skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara í vetur og mun sitja þar áfram og sér til þess að heimspekin eigi sér málsvara á þeim vettvangi.